



Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2939
komudagur 23.5.2008

Reykjavík, 22. maí 2008
Tilvísun: 200804-0040


Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 553. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 553. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum sem heimila iðnaðarráðherra að fela Orkustofnun að veita leyfi til rannsókna og nýtingar auðlinda í jörðu og á hafsbotni. Yfirstjórn samkvæmt frumvarpinu mun áfram vera í höndum iðnaðarráðherra og stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sæta kæru til hans.

ASÍ leggst ekki gegn frumvarpinu en telur að þrátt fyrir þær breytingar sem það felur í sér eigi ekki að gefa út frekari nýtingarleyfi fyrr en búið er að samþykkja á Alþingi rammaáætlun um nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Þá kann að vera að sá kærufrestur sem frumvarpið kveður á um sé fullstuttur. Ætla má að það geti tekið meira en 30 daga fyrir hlutaðeigandi aðila að kynna sér ákvarðanir Orkustofnunar og undirbúa kæru til iðnaðarráðherra.

Virðingarfyllt,

Stefán Ulfarsson
Hagdeild ASÍ